

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 2017 í máli nr. E-3419/2016:

Stefán Jónsson

(Kristján B. Thorlacius hrl.)

gegn

Orku náttúrunnar ohf. og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Guðjón Ármannsson hrl.)

I

Mál þetta, sem dómtekið var 31. október 2017, er höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 4. nóvember 2016. Stefnandi er Stefán Jónsson, Krúúási 17b, Hafnarfirði, en stefndu eru Orka náttúrunnar ohf., Bæjarhálsi 1, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði gert að greiða honum óskipt skaðabætur að fjárhæð 13.395.572 krónur, með 4,5% ársvöxtum af 3.171.440 krónum frá 16. mars 2015 til 16. september 2015, af 13.395.572 krónum frá þeim degi til 10. nóvember 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 2.081.343 krónum sem greiddar voru þann 28. desember 2016.

Þá krefst stefnandi þess að stefndu verði gert að greiða honum óskipt málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts, samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram við aðalmeðferð málsins eða að mati dómsins.

Stefndu krefjast þess aðallega að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað. Stefnu krefjast þess til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður milli aðila verði látinn falla niður.

II

Stefnandi er málarameisteri og eigandi og starfsmaður SJ Málunar ehf. Stefndi, Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, er eigandi og rekstraraðili Hellisheiðarvirkjunar. Mál þetta hverfist um orsakir og ábyrgð á slysi sem stefnandi varð fyrir um klukkan 8:30 að morgni 16. mars 2015. Stefnandi var þá við störf hjá félagi sínu, SJ Málun ehf., og sinnti verki í þágu stefnda, Orku náttúrunnar ohf.

Á slysdegi var SJ Málun ehf. með slysatryggingu launþega hjá stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Á slysdegi var Orkuveita Reykjavíkur einnig með í gildi frjálsa ábyrgðartryggingu hjá tryggingafélaginu sem tók til starfsemi félagsins og dótturfélaga þess, þar með talið stefnda, Orku náttúrunnar ohf.

Stefnandi var starfsmaður á málningaverkstæði Orkuveitu Reykjavíkur fram til ársins 2011 þegar honum var sagt upp störfum vegna skipulagsbreytinga. Stefnandi hélt áfram að sinna sambærilegum verkefnum og áður fyrir Orkuveitu Reykjavíkur eftir stofnun félags hans, SJ Málunar ehf. Stefnandi var þá undir verkstjórn sama manns og þegar hann var launamaður Orkuveitunnar, Þorsteins Grétars Kristmundssonar, nú tæknistjóra hjá stefnda, Orku náttúrunnar ohf.

Stefnandi hefur lýst því, að í aðdraganda slyssins hafi 90%-95% verkefna SJ Málunar ehf. verið verk í þágu Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga þess. Þau verkefni hafi falist í málningarvinnu, steypuviðgerðum, brunapéttingum og öðru sambærilegu. Þegar hann hafi unnið verk fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi Þorsteinn Grétar sent verkbeiðni á SJ Málun ehf. þar sem m.a. hafi verið tiltekið hvaða verkefni skyldi ráðast í, verknúmer, hver hafi verið niðurstaða áhættugreiningar og hver tímasetning væri á byrjun og lokum verks o.fl. Sú regla hafi verið í gildi í samskiptum aðila að SJ Málun ehf. byrjaði ekki á verki fyrir en slík verkbeiðni hefði verið útbúin og verkið þannig formlega hafið.

Laugardaginn 14. mars 2015 gekk mikið fárviðri yfir sunnanvert landið. Samkvæmt veðurmælingarstöð í Hellisskarði, sem er sú veðurmælingarstöð Veðurstofu Íslands sem næst er slyssað, náði veðurofsinn hámarki klukkan 14 þann dag. Mældust vindhviður þá 40,9 metrar á sekúndu og stöðugur vindur 33,4 metra á sekúndu. Þá losnuðu klæðningarplötur af stálgrindarhúsi sem hýsir kæliturnu Hellisheiðarvirkjunar og dreifðust þær um stöðvarsvæðið. Þegar mesta óveðrinu slotaði síðdegis sama dag, unnu starfsmenn og verktakar á vegum þessa stefnda við að safna saman plötum og öðru lauslegu sem fokið hafði í óveðrinu. Farg var sett á plöturnar til að koma í veg fyrir frekara fok.

Aðfararnótt slysdagsins, 16. mars 2015, hvessti á nýjan leik. Samkvæmt veðurmælingarstöðinni í Hellisskarði náði veðrið hámarki klukkan 2 eftir miðnætti. Mældust vindhviður þá 40.9 metrar á sekúndu og stöðugur vindur 23 metrar á sekúndu. Fyrir liggur að nokkur fjöldi klæðningarplatna til viðbótar fuku af kæliturnum á svæðinu um nóttina.

Samkvæmt sömu veðurmælingum og áður er vísað til slotaði veðrinu nokkuð eftir því sem leið á nóttina og fram á morgun slysdags. Þó má sjá af veðurmælingum að nokkuð vindasamt var við veðurmælingarstöðina í Hellisskarði. Vindhviður klukkan 8 um morguninn mældust 28.3 metrar á sekúndu og stöðugur vindur 17,7 metrar á sekúndur. Klukkan 9 um morguninn mældust vindhviður 26,6

metrar á sekúndu og stöðugur vindhraði 19,8 metrar á sekúndu.

Samkvæmt framlagðri verkbeiðni hafði SJ Málun ehf. verið falið að vinnan við málun innan húss í stöðvarhúsinu í Hellisheiðarvirkjun. Yfirskrift beiðinnar er: „Merkingar á flóttaleiðum og við Brunaslöngur HH og Nes“ og var tegund verksins skilgreind sem tilfallandi viðhald. Áætlað var að verkið hæfist kl. 8 árdegis 16. mars 2015 en verklok voru áætluð 31. mars 2015 kl. 10 árdegis. Í verkbeiðninni kemur fram að verkið krefjist þess að áhættugreining sé lesin. Þá var varað við gasleka og umgengnisreglur lagðar fyrir starfsmenn vegna vinnu við gaskerfi virkjunarinnar. Verkefni SJ Málunar ehf. var að merkja flóttaleiðir, brunaslöngur og neyðarsturtur í starfsstöð stefnda, Orkuveitu náttúrunnar ohf., í Hellisheiðarvirkjun.

Stefnandi kveðst hafa mætt á verkstað í Hellisheiðarvirkjun við upphaf verktímans kl. 8 að morgni mánudagsins 16. mars 2015. Um það leyti hringdi Þorsteinn Grétar tæknistjóri í stefnanda og óskaði eftir því að stefnandi, ásamt Hafsteini Antoni Ingasyni, sem jafnframt var þá starfsmaður SJ Málunar ehf., og Ásgeiri Einari Steinarssyni gröfumanni, sem þar var einnig við störf sem verktaki, færu strax í að leita uppi lausar klæðningarplötur utan dyra á stöðvarsvæðinu til þess að fergja svo komið yrði í veg fyrir að þær fýkju til. Þremmenningarnir hófu verkið um leið og þeir komu út úr kaffistofu verktaka í stöðvarhúsinu. Ásgeir Einar ók gröfu en stefnandi og Hafsteinn Anton leituðu uppi lausar plötur og vísuðu Ásgeiri Einari á þær og munu jafnframt hafa dregið einhverjar þeirra til svo Ásgeir Einar kæmist að þeim á gröfunni til að moka yfir þær fargi. Við vinnu sína gengu þeir meðfram stórum rörum, sem eru fyrir aftan stöðvarhúsið, og voru komnir handan við rörin þegar slysið varð. Stefnanda og vitninu, Hafsteini Antoni, ber saman um að þeir hafi lokið við að fergja þrjár til fimm plötur þegar slysið varð sunnan við rörin. Eins ber stefnanda, Hafsteini Antorin og Ásgeiri Einari saman um að þeir hafi fyrst orðið þess áskynja hversu vont veðrið var og vindhviður snarpar þegar þeir voru komnir út á bersvæði nærri þeim stað þar sem slysið varð.

Óumdeilt er að stefnandi fékk þungt höfuðhögg þegar klæðningarplata fauk í andlit hans. Stefnandi var með skerta meðvitund þegar að var komið og var hlúð að honum og honum veitt skyndihjálp þar til hann var fluttur á slysadeild með sjúkrabifreið. Samkvæmt læknisvottorði Júlíusar Helga Schopka, munn- og kjálkaskurðlæknis, dagsettu 12. maí 2015, var stefnandi með opið sár á efri vör og í munnholi, auk þess sem tannbrot voru til staðar. Þá var stefnandi nefbrotinn og myndgreiningarrannsókn leiddi í ljós „Le Fort I“-brot á efri kjálka. Að kvöldi slysdags fór stefnandi í aðgerð og var kjálki hans þá festur með títanplötum og skrúfum. Í aðgerðinni kom í ljós mölbrot á framvegg efri kjálka og var kjálkinn jafnframt víraður saman í aðgerðinni. Stefnandi útskrifaðist af Landspítala-Háskólasjúkrahúsi þann 18. mars 2015 en kom til eftirlits vegna kjálkabrotsins

þann 14. apríl 2015. Í ljós kom talsverður dofi í miðandliti og var stefnanda ráðlagt að leita til tannlæknis. Stefnandi leitaði í kjölfarið til háls-, nef- og eyrnalæknis vegna áverka á nefi sem framkvæmdi nefréttingu. Stefnandi leitaði jafnframt ítrekað til tannlæknis og annarra lækna vegna einkenna sinna, m.a. vegna dofa í andliti og skerts loftflæðis í nefi.

Í málinu liggur frammi skýrsla lögreglu um slysið, dagsett 16. mars 2015. Þar kemur fram að kl. 9:20 sama dag hafi lögregla tilkynnt Vinnueftirlitinu símleiðis um slysið. Þá tilkynnti Reynir Guðjónsson, öryggisstjóri stefnda, Orku náttúrunnar ohf., Vinnueftirlitinu um slysið með tölvupósti sama dag. Í málinu liggur jafnframt frammi tölvupóstur stefnanda til starfsmanns Vinnueftirlitsins, dagsettur 19. sama mánaðar, þar sem fram kemur lýsing stefnanda á slysinu. Engin rannsókn á slysinu fór fram af hálfu Vinnueftirlitsins.

Slysið var tilkynnt til stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., 24. mars 2015, vegna slysatryggingar launþega SJ Málunar ehf. og þann 6. maí 2015 var send krafa um viðurkenningu á skaðabótaskyldu til stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Í tölvupósti frá stefnda, Sjóvár-Almennum tryggingum hf., dagsettum 1. desember 2015, var tekin afstaða til skaðabótaskyldu stefnda, Orku náttúrunnar ohf., og þar með bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu Orkuveitu Reykjavíkur hjá félaginu en tryggingin náði einnig til starfsemi dótturfyrirtækja Orkuveitunnar. Stefndi, Sjóvár-Almennar trygginga hf., hafnaði skaðabótaskyldu vegna slyssins og þar með bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu Orkuveitunnar. Í tölvupóstinum var bótaskylda úr slysatryggingu launþega SJ Málunar ehf. hins vegar viðurkennd.

Í kjölfar samskipta lögmanns stefnanda og stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., var sameiginlega aflað mats Sigurðar Ásgeirs Kristinssonar bæklunarlæknis og Ingvars Sveinbjörnssonar hrl. á afleiðingum slyssins. Matsgerð þeirra lá fyrir 16. september 2016. Var varanlegur miski stefnanda vegna slyssins metinn 27 stig og varanleg örorka 15%. Tímabundin óvinnufærni var metin 100% á tímabilinu 16. mars 2015 til 27. apríl 2015 og 50% frá 28. apríl 2015 til 28. ágúst 2015. Tímabil þjáninga var metið það sama og tímabil óvinnufærni, en þar af taldist rúmlega hafa varað í fimm daga. Heilsufar stefnanda var metið stöðugt frá og með 16. september 2015.

Stefnandi er ósammála afstöðu stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., til skaðabótaskyldu stefnda, Orku náttúrunnar ohf., og hefur því höfðað mál þetta.

III

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., beri skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda m.a. á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Stefndi, Sjóvár-Almennar tryggingar hf.,

beri hins vegar ábyrgð á slysinu sem váttryggingarfélag Orkuveitu Reykjavíkur en fyrir liggur að frjáls ábyrgðartrygging var í gildi hjá stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., á slysdegi, sem náði til starfsemi dótturfélaga Orkuveitunnar, þ.m.t. stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Um aðild beggja stefndu að málinu vísar stefnandi enn fremur til 44. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga.

Stefnandi byggir á því í fyrsta lagi að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi vanrækt skyldur sínar sem eigandi og umráðamaður fasteignar félagsins við Hellisheiðarvirkjun. Eins og rakið sé í málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu hafi gengið óveður yfir landið aðfararnótt og að morgni laugardagsins 14. mars 2015 með þeim afleiðingum að klæðningarplötur af stálgrindarhúsum utan um kæliturnna Hellisheiðarvirkjunar hafi losnað og dreifst um vinnusvæði virkjunarinnar. Samkvæmt veðurupplýsingum frá veðurstöð Veðurstofu Íslands í Hellisskarði, rétt fyrir sunnan Hellisheiðarvirkjun, megi sjá að mikill vindur aðfararnótt laugardagsins 14. mars hafi náð hámarki milli kl. 7.00 og 12.00 að morgni. Veðrið hafi síðan gengið niður á sunnudeginum 15. mars og verið hæglætisveður fram yfir hádegi þann dag. Veður hafi síðan versnað þegar leið á sunnudaginn og hafi vindur náð hámarki aðfararnótt mánudagsins. Í lögregluskýrslu vegna slyssins, dagsettri 16. mars 2015, komi fram í framburði Þorsteins Grétars Kristinssonar, tæknistjóra stefnda, Orku náttúrunnar ohf., að stefnandi hafi verið ásamt fleiri starfsmönnum virkjunarinnar „að fergja AluZink klæðningarplötur sem fuku af einu af húsunum á virkjunarsvæðinu í óveðrinu sem var sl. laugardag“. Í tölvupósti stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., 1. desember 2015, komi fram að óveðrið hafi geysað að morgni laugardagsins 14. mars og einnig sé tekið fram að starfsmenn og verktakar stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi safnað saman plötum og öðru lauslegu af svæðinu þegar veðrinu slotaði og sett farg ofan á til þess að koma í veg fyrir frekara fok. Í tölvupóstinum komi þó ekki fram hvort þetta hafi verið gert á sunnudagsmorgni þegar veðrið hefði verið gengið niður eða á mánudagsmorgninum þegar slysið varð. Þá sé tekið fram í tölvupósti stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., að óveður hafi aftur gengið yfir svæðið aðfararnótt mánudagsins og að þá hafi sennilega fokið fleiri plötur til viðbótar.

Stefnandi telur framangreinda lýsingu ekki standast þar sem veður aðfararnótt mánudagsins hafi ekki verið nærri eins slæmt eins og á laugardeginum, svo sem ráða megi af veðurupplýsingum, og hefði lítið gengið niður um morguninn þegar slysið varð. Miðað við ofangreind gögn og framburð tæknistjóra stefnda, Orku náttúrunnar ohf., í lögregluskýrslu telur stefnandi ljóst að klæðningarplöturnar, sem hafi átt að fergja niður, hafi losnað í veðrinu sem hafi gengið yfir að morgni laugardagsins 14. mars. Ekki hafi verið ráðist í að fergja niður plöturnar fyrr en að morgni slysdags, þótt aðstæður hafi gefið tilefni til þess að ráðist yrði í verkefnið

fyrir, þ.e. að morgni sunnudagsins þegar veður hafi verið gott.

Stefnandi telur ljóst að klæðningarplötur hafi losnað vegna vanbúnaðar við uppsetningu eða frágang þeirra á kæliturnunum, enda verði að teljast algjörlega óviðunandi að klæðningarplötur losni af byggingum við þær aðstæður sem verið hafi dagana 14. til 16. mars 2015. Stefnandi bendir á að miðað við dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands í málum sem varði umráðamenn fasteigna, hvíli rik aðgæsluskylda á umráðamönnum fasteigna til þess að tryggja að frágangur, viðhald og umhirða með fasteigninni sé þannig að þeir, sem leið eigi um fasteignina, starfsmenn eða aðrir, verði fyrir ekki tjóni. Að mati stefnanda sé þannig lögð ströng athafnaskylda á fasteignaeigendur sem staðfest hafi verið í dómum Hæstaréttar Íslands. Stefnandi telur að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi vanrækt eftirlit sitt með fasteignum félagsins og ekki séð til þess að klæðning kæliturnanna gæti staðist þau veður sem hafi mátt vænta á þessum slóðum. Alþekkt sé að búast megi við vályndum veðrum á umræddum stað. Vanbúnaður kæliturnanna verði að teljast á ábyrgð stefnda, Orku náttúrunnar ohf., eða starfsmanna sem hann beri ábyrgð á á grundvelli meginreglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Sú staðreynd að kæliplötur hafi losnað í því veðri sem hafi gengið yfir laugardaginn 14. mars 2015, feli í raun í sér næga sönnun fyrir því að um vanbúnað á fasteigninni sé að ræða. Eins og veðurgögn beri með sér, hafi vindstyrkur á svæðinu verið mestur kl. 9.00 á laugardagsmorgni en þá hafi vindhraði mælst um það bil 30 m/sek og mestu hviður verið í kringum 40 m/sek. Stefnandi telur að þótt þessar veðuraðstæður séu mjög slæmar, sé ekki hægt að líta svo á að þær hafi verið að einhverju leyti einstakar, enda gangi slík veður yfir landið með reglulegu millibili. Gera verði þær kröfur til fasteigna, líkt og þeirra sem hér um ræðir, að þær standist slík veður og að ekki stafi hættu af útbúnaði þeirra vegna slíkra veðuraðstæðna.

Stefnandi telur að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi ekki brugðist með fullnægjandi hætti við því að klæðningaplötur losnuðu af fasteignum þess. Hann bendir á að óveður laugardagsins 14. mars 2015 hafi gengið niður þegar leið á helgina og að morgni sunnudagsins 15. mars hafi verið komið mjög skaplegt veður. Þá hafi í raun verið kjöraðstæður til að hreinsa til og tryggja þær plötur sem losnuðu í óveðrinu, án þess að frekari hættu skapaðist við það verk. Á þeim tímapunkti hafi enda legið fyrir að vindhraði myndi aukast aðfararnótt mánudagsins með tilheyrandi hættu á foki. Starfsmenn stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi þó ekki séð til þess að gengið yrði í það verk á þeim tíma þótt nauðsynlegt hefði verið að ráðast strax í þessar aðgerðir á sunnudeginum eftir að óveðrið gekk yfir. Með þessari háttsemi hafi starfsmenn stefnda, Orku náttúrunnar ohf., vanrækt ofangreindar skyldur sem lagðar séu á umráðamenn fasteigna og sú vanræksla yrði að teljast þeim til sakar. Þá telur stefnandi að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., beri

skaðabótaábyrgð á vanrækslu umræddra starfsmanna á grundvelli meginreglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Stefnandi byggir í öðru lagi á því að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., og starfsmenn hans hafi vanrækt þær skyldur sem lagðar eru á herðar vinnuveitanda með lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Hann tekur fram að í lögnum séu lagðar ríkar skyldur á vinnuveitendur og verkstjóra að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustöðum. Samkvæmt 37. gr. laganna skuli haga vinnu og framkvæma hana þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skuli viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlitsins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Þá sé í 21. gr. laganna tekið fram að verkstjóri skuli, sem fulltrúi atvinnurekanda, sjá um að búnaður sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum sem hann hefur umsjón með. Í 42. gr. laganna er enn fremur mælt fyrir um að vinnustaður skuli þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllst öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Þetta eigi bæði við um umhverfi innan húss og utan þar sem starfsmenn hafist við eða þurfi að fara um vegna vinnu sinnar, sbr. 41. gr. laganna.

Þá vísar stefnandi til reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða, sem settar hafi verið á grundvelli laga nr. 46/1980. Í 1. mgr. 41. gr. reglnanna komi m.a. fram að vinnustaðir, umferðarleiðir, aðrir staðir eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn séu staddir vegna vinnu sinnar, skuli skipulögð þannig að ekki stafi hættu af fyrir umferð fótgangandi eða ökutækja. Í 3. mgr. sömu greinar sé enn fremur tekið fram að ef starfsmenn vinni utanhúss, skuli vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla.

Stefnandi telur að slys hans megi rekja til þess að stefndi hafi vanrækt lögboðnar skyldur sínar samkvæmt áður tilvísuðum laga- og reglugerðarákvæðum um að tryggja aðstæður og öryggisráðstafanir á vinnusvæði hans. Hann telur að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., og starfsmenn hans hafi borið ábyrgð á því að vinnustaðurinn uppfyllti ofangreind skilyrði og að vinnan yrði framkvæmd í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980. Slysið hafi orðið vegna þess að ekki hafi verið gerðar fullnægjandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þeirra starfsmanna sem unnu að verkinu og koma í veg fyrir slys vegna frekara foks á vinnusvæðinu. Þetta eigi jafnt við um almenna starfsmenn stefnda, Orku náttúrunnar ohf., og aðra starfsmenn sem hafi þurft að koma að verkinu sem verktakar fyrir hönd stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Starfsmaður þessa stefnda hafi tekið ákvörðun um að senda verktaka fyrirtækisins í mjög hættulegt verkefni þar sem þeim hafi verið stefnt í mikla hættu og verði hann því að bera ábyrgð á því tjóni sem hlotist hafi af þeirri

ákvörðun.

Stefnandi bendir á að á slysdegi hafi honum verið ætlað að sjá um merkingar á flóttaleiðum, brunaslöngum o.fl. innanhúss á vinnustað stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Hvorki hann né aðrir starfsmenn SJ Málunar ehf. hafi því búið sig undir að sinna því verki að fergja niður klæðningarplötur fyrir utan virkjunina. Tæknistjóri stefnda, Orku náttúrunnar ohf., Þorsteinn Grétar Kristmundsson, hafi þó lagt mikla áherslu á að ráðist yrði umsvifalaust í það verk að fergja niður lausar klæðningarplötur á svæðinu. Tæknistjórinn hafi auk þess verið verkstjóri yfir þeim verkum sem SJ Málun ehf. hefði verið falið að vinna og hafi séð um að senda verkbeiðnir vegna þeirra. Þar sem tæknistjórinn hafi óskað sérstaklega eftir því að stefnandi og annar starfsmaður SJ Málunar ehf. færu þegar í stað í að aðstoða gröfumann við að fergja klæðningarplöturnar fyrir utan virkjunina, lítur stefnandi svo á að tæknistjóinn hafi verið verkstjóri yfir þessu verki. Samkvæmt 21. gr. laga nr. 46/1980 hafi honum því borið að sjá til þess að öryggi starfsmanna yrði tryggt við verkið. Þá hafi honum samkvæmt 23. gr. laganna borið að beita sér fyrir því að starfsskilyrði innan starfssviðs hans væru fullnægjandi að því er varðaði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Yrði hann var við einhver þau atriði, sem leitt gætu til hættu á slysum eða sjúkdómum, hafi honum jafnframt borið að tryggja að hættunni yrði afstýrt. Með hliðsjón af atvikum málsins telur stefnandi ljóst að verkstjórinn hafi ekki fylgt tilvitnuðum ákvæðum laganna umrætt sinn.

Stefnandi telur að þeim starfsmönnum sem sendir voru út að sinna því verki að fergja niður klæðningarplöturnar, hafi verið stefnt í mikla hættu. Ljóst hafi verið að talsverður vindur var á svæðinu þegar slysið varð og því ljóst að hætta gæti skapast ef plöturnar fýkju til. Því hafi ekki verið forsvaranlegt að senda fótgangandi starfsmenn í verkefnið, enda hefði verið hægt að vinna verkið með vinnuvélum, án þess að fótgangandi starfsmenn kæmu að því. Stefnandi bendir á að hlutverk hans og annars starfsmanns SJ Málunar ehf. hafi fyrst og fremst verið að leiðbeina gröfumanninum við verkið og standa á þeim plötum sem áætlunin var að fergja niður, þangað til hægt væri að moka möl á plöturnar. Stefnandi telur að ef nauðsynlegt hafi verið að senda fótgangandi starfsmenn í þetta tiltekna verk, hefði átt að tryggja að nægjanlega margir starfsmenn væru settir í verkefnið, þannig að starfsmenn gætu hjálpast að. Þá hafi stefnandi ekki fengið neinar leiðbeiningar um hvernig ætti að standa að verkinu en stefnandi og starfsmenn hans hafi fyrst og fremst sinnt verkefnum fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf., við málun og verkefni tengdum því. Stefnandi telur að stefndi, Orku náttúrunnar ohf., beri ábyrgð á tjóni stefnanda vegna þessarar háttsemi verkstjóra á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Stefnandi bendir ennfremur á að þegar lögregla hafi verið komin á svæðið, hafi ekki verið talið öruggt að fara inn á

vinnusvæðið þar sem enn hafi verið lausar plötur á því. Þá hafi greinilega verið ljóst að verulega hættulegar aðstæður væru á svæðinu og því hafi ekki verið þorandi að fara inn á svæðið til þess að mynda slysstaðinn.

Stefnandi telur að ekki sé hægt að kenna óaðgæslu af hans hálfu um slysið. Hann hafi unnið verkið á þann hátt sem hann hafi talið öruggan og hafi ekki gert sér að fullu grein fyrir þeirri hættu sem gæti skapast á verkstað. Stefnandi vísar til ákvæða 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem komi fram að eingöngu sé heimilt að skerða bætur starfsmanns vegna líkamstjóns í vinnuslysi hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning. Með vísan til ofangreindrar atvikalýsingar sé ljóst að hann hafi ekki sýnt af sér slíkt gáleysi eða ásetning að heimilt sé að skerða bætur hans eða fella þær niður samkvæmt ákvæðinu. Regla 23. gr. a. skaðabótalaga eigi við í þessu tilviki, líkt og reglan um vinnuveitandaábyrgð, enda teljist stefnandi starfsmaður í skilningi ákvæðisins. Þessu til rökstuðnings vísar stefnandi til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 124/2009 þar sem segi að leggja eigi rýmri skilning í hugtakið starfsmaður samkvæmt ákvæðinu. Þá telur stefnandi ljóst af framlögðum gögnum að hann geti ekki talist verkstjóri yfir verkinu í skilningi 21. gr. laga nr 46/1980. Stefnandi hafi fyrst og fremst starfað við málningarvinnu fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf., og því treyst á að tæknistjóri stefnda hefði kynnt sér aðstæður á verkstað og séð til þess að fyllsta öryggis væri gætt við verkið. Þá hafi stefnandi ætíð starfað undir boðvaldi tæknistjóra stefnda, Orku náttúrunnar ohf., sem hafi sent honum verkbeiðnir og lagt mat á áhættuþætti hvers verks. Þetta fyrirkomulag hafi að mesti leyti haldið sér frá því að stefnandi var launamaður hjá Orkuveitunni og breyst lítið þegar hann hafi farið að sinna verkum í þágu stefnda sem verktaki. Loks liggi fyrir að stefnandi hafi hvorki ráðið því hvernig verkið var unnið né haft áhrif á hvernig staðið hafi verið að öryggisráðstöfunum á verkstað.

Stefnandi vísar til þess að lögregla hafi tilkynnt starfsmanni Vinnueftirlitsins um slys stefnanda og þá hafi Vinnueftirlitinu verið tilkynnt um slysið með tölvupósti frá Reyni Guðjónssyni, öryggistjóra stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Af efni tölvupóstsins öryggisstjórans megi ráða að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að fulltrúi Vinnueftirlitsins kæmi á slysstað með tilvísun til samtals öryggisstjórans við starfsmann Vinnueftirlitsins. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirlitinu hafi því ekki borist útfyllt tilkynning vegna slyssins og það hafi ekki rannsakað tildrög slyssins og enga umsögn gert vegna þess. Stefnandi leggur áherslu á að með 79. gr. laga nr. 46/1980 sé lögð skylda á vinnuveitendur að tilkynna öll alvarleg slys til Vinnueftirlitsins. Stefnandi telur að allir þeir vinnuveitendur, sem komi að viðkomandi verki, beri þessa skyldu sameiginlega og því sé hver þeirra um sig skyldur til þess að tilkynna vinnuslys og sjá til þess að orsakir slysa séu eins vel

upplýstar og kostur er á, sbr. 17. gr. laga nr 46/1980 og dómframkvæmd Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum. Því telur stefnandi að stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi borið að tryggja að tildrög slyssins yrðu rannsökuð með fullnægjandi hætti en það hafi hins vegar ekki verið gert. Allan skort á sönnun um tildrög slyssins og orsakir þess verði því að túlka stefnda, Orku náttúrunnar ohf., í óhag, enda hafi staðið því næst sem eiganda bygginganna á svæðinu að sjá til þess að slysið yrði rannsakað með fullnægjandi hætti. Stefnandi hafi sjálfur engin tækifæri haft til þess að hlutast til um slíka rannsókn, enda hafi slysið orðið á umráðasvæði stefnda, Orku náttúrunnar ohf.

Krafa stefndanda um skaðabætur byggist á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og niðurstöðum fyrirbyggjandi matsgerðar. Stefnandi telur allar forsendur til að leggja matsgerðina til grundvallar. Skaðabótakröfu sína sundurliðar stefnandi með eftirfarandi hætti:

1. Þjáningabætur skv. 3. gr. skbl.	kr. 322.400,-
2. Bætur vegna varanlegs miska skv. 4. gr. skbl.	kr. 2.849.040,-
<u>3. Bætur vegna varanlegrar örorku skv. 5.-8. gr. skbl.</u>	<u>kr. 10.224.132,-</u>
Samtals	kr. 13.395.572,-

Auk skaðabóta krefst stefnandi vaxta og dráttarvaxta til greiðsludags og málskostnaðar, líkt og í dómkröfum greinir.

1) Krafa um þjáningabætur er byggð á 3. gr. skaðabótalaga. Í matsgerð telji matsmenn að tímabil þjáninga samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga sé það sama og tímabil óvinnufærni, þ.e. frá 16. mars 2015 til 28. ágúst 2015 en þar af hafi stefnandi verið rúmfastur í fimm daga. Stefnandi hafi því verið veikur, án þess að vera rúmfastur, í 165 daga. Þjáningabætur nemi 1.850 krónum á dag, sbr. 3. gr. skaðabótalaga, að viðbætti hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu, sbr. 15. gr. laganna, fyrir hvern dag sem stefnandi hafi verið veikur, án þess að vera rúmfastur en 3.430 krónum meðan hann hafi verið rúmfastur. Með vísan til framangreinds krefst stefnandi bóta fyrir þjáningar að fjárhæð samtals 322.400 krónur ((165 x 1.850) + 5 x 3.430).

2) Um kröfu um bætur vegna varanlegs miska vísar stefnandi til 4. gr. skaðabótalaga. Samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð telji matsmenn að varanlegur miski stefnanda af völdum slyssins samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga sé 27 stig. Vegna þessa þáttar sé því krafist samtals 2.849.040 króna (10.552.000 x 27 stig) með vísan til 2. mgr. 4. gr. skaðabótalaga og aldurs stefnanda á slysdegi.

3) Kröfu um bætur vegna varanlegrar örorku reisir stefnandi á 5.-7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi vísar til þess að matsmenn telji í matsgerð að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga sé 15%. Með vísan til aldurs stefnanda á þeim degi þegar heilsufar hans í kjölfar slyssins hafi talist

vera stöðugt, sé margfeldisstuðull hans samkvæmt 6. gr. skaðabótalaga 10,033. Varðandi tekjuviðmið sé byggt á því að við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku skuli meta árslaun stefnanda sérstaklega í samræmi við 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en ekki beri hér að líta til ákvæða 1. mgr. lagaákvæðisins. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. megi víkja frá meginreglu 1. mgr. séu fyrir hendi óvenjulegar aðstæður á síðast liðnum þremur almanaksárum sem leiði til þess að laun tjónþola á tímabilinu séu ekki réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans.

Stefnandi telur ljóst að uppi séu óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga í máli hans. Þau tekjuár, sem miða ætti útreikning á bótum fyrir varanlega örorku stefnanda við samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, gefi ekki raunhæfa mynd af tekjuöflunarhæfni stefnanda á slysdegi. Hann byggir enn fremur á því að samkvæmt lögskýringargögnum með 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé ekki ætlast til að orðin „óvenjulegar aðstæður“ í ákvæðinu séu túlkuð þröngt. Nóg sé t.d. að um sé að ræða atvik sem hafi haft þau áhrif að tekjur tjónþola séu ekki þær sem hann hefði getað haft ef umrædd atvik hefðu ekki orðið. Sem dæmi um aðstæður, sem teljist óvenjulegar samkvæmt dómaframkvæmd, sé þegar tjónþoli sé einungis í hlutastarfi eða þegar tjónþoli hafi verið í fæðingarorlofi.

Fyrir liggir að hluta árána 2012-2014, sem miða ætti við samkvæmt 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, hafi stefnandi verið í fæðingarorlofi og það hafi haft umtalsverð áhrif á tekjur hans. Þá hafi stefnandi verið starfandi við eigin atvinnurekstur 2012 og hafi því haft takmarkaðar launatekjur á því ári en greitt sér út hagnað vegna eigin atvinnustarfsemi. Frá árinu 2013 hafi hann hins vegar fengið greidd laun sem launamaður hjá SJ Málun ehf. en hann hafi starfað hjá félaginu á slysdegi og starfi þar enn. Vegna ofangreindra sjónarmiða verði að beita 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga í máli stefnand í stað 1. mgr. sama ákvæðis. Aðstæður hafi sannarlega verið óvenjulegar þar sem tekjur hans hafi verið takmarkaðar vegna töku fæðingarorlofs. Annar mælikvarði en meðaltekjur hans sl. þrjú ár fyrir slysið sé þar af leiðandi réttari á líklegar framtíðartekjur hans. Stefnandi telur því að rétt tekjuviðmið séu tekjur hans árin 2013 og 2014, þá mánuði sem hann hafi verið í fullu starfi, uppreiknaðar til 12 mánaða hvort ár. Samkvæmt útreikningum hans séu árstekjur hans samtals 5.560.800 krónur á árinu 2013 og 5.572.125 krónur á árinu 2014. Uppreiknaðar tekjur að virtri vísitölu að viðbættu framlagi í lífeyrissjóð nemi 6.793.669 krónum. Nemi bætur fyrir varanlega örorku því samtals 10.224.132 krónum ($6.793.669 \times 10,033 \times 15\%$), svo sem krafist sé.

Fyrir liggur greiðsluskjal sem ber með sér að stefnandi fékk þann 28. desember 2016 greiddar 2.081.343 krónur í örorkubætur frá Sjúkratryggingum Íslands vegna slyssins. Samkvæmt endanlegri kröfugerð stefnanda kemur sú greiðsla til frádráttar

bótakröfu stefnanda, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga.

Um vaxtakröfu sína vísar stefnandi til 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga og því beri krafa vegna þjáningabóta og varanlegs miska vexti frá tjónsdegi en krafa vegna varanlegrar örorku frá upphafsdegi metinnar örorku. Um dráttarvaxtakröfu vísar stefnandi til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Upphafstími dráttarvaxta miðast við þingfestingardag málsins og vísar stefnandi að því leyti til 4. mgr. 5. gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001.

Stefnandi styður kröfur sínar við meginreglur skaðabótaréttar, einkum sakarregluna, reglur um ábyrgð fasteignareiganda og meginregluna um vinnuveitandaábyrgð, lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 21. gr., 23. gr., 37. gr., 42. gr., 46. gr. og 79. gr. Hann byggir einnig á reglugerð nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Þá reisir stefnandi kröfur sínar á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 2.-7. gr., 15.-16. gr. og 23. gr. a.

Um aðild vísar stefnandi til III. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sem og til 44. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, en stefndi, Orka náttúrunnar ohf., teljist váttryggður aðili í skilningi ákvæðisins. Um varnarþing vísast til 33. gr. og 42. gr. laga nr. 91/1991 og um málskostnað til 129. og 130. gr. sömu laga. Varðandi vaxtakröfu af skaðabótum vísast til 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993. Um dráttarvexti er vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 4. mgr. 5. gr. og 9. gr. sömu laga og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988.

IV

Stefndu byggja aðalkröfu sína um sýknu á því að umrætt slys stefnanda verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi stefnda, Orku náttúrunnar ohf., eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem stefndi beri ábyrgð á. Ekkert sé komið fram um að slysið megi rekja til vanbúnaðar á húsnæði Hellisheiðarvirkjunar. Þá hafna stefndu því að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi með saknæmum hætti stefnt öryggi stefnanda í hættu umrætt sinn. Af hálfu stefndu er byggt á því að tjón stefnanda verið rakið til aðgæsluleysis hans sjálfs en sem yfirmaður fyrirtækis síns, hafi stefnandi verið sjálfráður um verklag þegar slysið varð.

Í fyrsta lagi hafna stefndu því að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi vanrækt skyldur sínar sem eigandi og umráðaaðili fasteignar félagsins við Hellisheiðarvirkjun. Það sé rangt og ósannað að klæðningarplötur hafi losnað vegna vanbúnaðar við uppsetningu og frágangs á því stóra stálgrindarhúsi sem hýsi kæliturna Hellisheiðarvirkjunar. Stefndu byggja á því að ábyrgð umráðamanna fasteigna sé ekki svo ströng að skilyrðum sakarreglunar verði beitt með afbrigðilegum hætti hvað varðar sönnun á saknæmri háttsemi eða að orsakatengsl

séu milli hinnar saknæmu háttsemi og tjónsatburðar. Stefnu byggja á því að sönnunarbyrði um að klæðningarplötur hafi losnað vegna vanbúnaðar við uppsetningu eða frágang þeirra á kæliturni hvíli á stefnanda. Slík sönnun hafi ekki tekist.

Stefnu vísa til þess að illviðrið, sem hafi geisað laugardaginn 14. mars 2015, hafi verið mjög óvenjulegt sökum vindstyrks og hafi veðrið höggið nærri hviðumetum um allt land. Gildandi vindhviðumet á Íslandi sé 74,5 m/sek sem hafi mælst á Gagnheiði 1995. Í veðurofsanum 14. mars 2015 hafi vindhviða á Skarðsheiði mælst örlítið minni eða 73,5 m/sek. Veðrið að morgni laugardagsins 14. mars 2015 hafi þar að auki sýnt hæstu meðaltöl sem mælst hafi á heilum klukkutíma á árabílinu 1996 til 2015, svo sem komi fram í framlagðri grein Trausta Jónssonar veðurfræðings á heimasíðu hans 16. mars 2015. Vindhraði við Helligheiðarvirkjun hafi í umrætt sinn náð a.m.k. 40 m/s í stöðugum vindi og 63 m/s í hviðum. Stefnu telja að slíkur veðurofsi sé óvenjulegur og því teljist þær aðstæður, sem sköpuðust á umræddu tímabili, afbrigðilegar. Stefnu byggja á því að það tjón sem varð á stálgrindarhúsinu verði rakið til óviðráðanlegra ytri atvika en ekki saknæmrar háttsemi sem stefndi, Orka náttúrunnar ohf., beri ábyrgð á. Byggingar Orku náttúrunnar ohf. á svæðinu séu yfirfarnar árlega og skrúfur í klæðningu ýmist endurhertar eða skipt út eftir þörfum. Umrætt stálgrindarhús hafi verið byggt 2006 í samræmi við hönnunarforsendur SPS Balcke Durr, erlends framleiðanda kæliturnanna. Hönnun, uppsetning og efni stálgrindarhússins samræmist að öllu leyti ákvæðum byggingarreglugerðar en sönnunarbyrði um annað hvíli að öllu leyti á stefnanda. Jafnframt hafna stefnu því alfarið að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi á einhvern hátt brotið gegn ákvæðum laga um hollstuhætti nr. 46/1980 eða ákvæði reglugerðar nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða

Í öðru lagi hafna stefnu því, að stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi borið að grípa til sérstakra ráðstafana í aðdraganda fárviðrisins til að koma í veg fyrir að klæðningarplötur losnuðu. Raunar sé vandséð hvaða ráðstafanir það hefðu átt að vera. Þá liggja fyrir að veðurspá hafi ekki gert ráð fyrir því ofsaveðri sem hafi skollíð á að morgni 14. mars 2015.

Í þriðja lagi telja stefnu ekki vera orsakasamhengi milli ætlaðs vanbúnaðar stálgrindarhússins og tjóns stefnanda. Stefnu byggja á því að tjón stefnanda megi fyrst og fremst rekja til eigin verklags hans þegar hann hafi átt við eina klæðningarplötu mánudaginn 16. mars 2015. Þann dag hafi veðrið verið mun skaplegra en á laugardeginum. Engu að síður hafi þá verið nokkur vindur og því hafi stefnanda borið að staðsetja sig þannig að tryggt væri að þær plötur, sem fokið hefðu, gætu ekki valdið honum tjóni. Stefnu benda á að stefnandi hafi, sem

sjálfstæður verktaki og yfirmaður í fyrirtæki sínu, haft sjálfðæmi um það hvernig hann leysti umrætt verk af hendi.

Í fjórða lagi er því mótmælt að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi ekki brugðist við með fullnægjandi hætti eftir að klæðningarplötur losnuðu af stálgrindarhúsi kæliturnanna. Eftir að fárviðrið hefði gengið niður á laugardeginum, hafi strax verið hafist handa við að safna saman og festa niður allar lausar plötur. Á mánudagsmorgni hafi verktakar á svæðinu verið beðnir um að finna og fergja þær plötur sem mögulega hefðu orðið útundan við þá vinnu á laugardeginum. Jafnframt hafi ekki verið útilokað að einhverjar plötur hefðu losnað í hvassviðri aðfararnótt mánudagsins. Tæknistjóri Orku náttúrunnar ohf., Þorsteinn Grétar Kristmundsson, hafi metið aðstæður þannig á mánudagsmorgni að nauðsynlegt væri að fara strax í vinnu við að tryggja að allar plötur og fergja annað lauslegt. Óhjákvæmilegt hafi verið að ráðast í þessar aðgerðir, enda sé alltaf nokkur umferð um svæðið, m.a. umferð ferðamanna, og nauðsynlegt hafi verið. Þegar verkið hafi hafist á mánudagsmorgni hafi verið ágætisveður en síðan hafi farið að bera á sterkum vindhviðum. Á því sé byggt að tæknistjóri Orku náttúrunnar ohf. hafi eingöngu óskað eftir því við stefnanda og samstarfsmann hans hjá SJ Málun ehf. að þeir aðstoðuðu gröfumann við verkið. Í því hafi falist að finna lausar plötur svo gröfumaður gæti sett farg á þær. Stefndu mótmæla því að um hafi verið að ræða hættulegt verkefni, enda sé það einfalt og stefnandi hafi fengið almennar leiðbeiningar um hvað ætti að gera, ásamt því að vera beðinn um að sýna aðgát. Stefndu telja jafnframt engu máli skipta þótt stefnandi hafi upphaflega verið fenginn á svæðið til að vinna annað verk. Hann hafi fallist á að vinna verk sem hvorki hafi verið sérstaklega hættulegt né óvenjulegt.

Stefndu byggja á því að ákvörðun tæknistjóra stefnda um að best væri að fara strax í það að fergja þær plötur sem mönnum hefði yfirsést dagana á undan, hafi verið forsvaranleg. Sú ákvörðun hafi verið tekin í þeim tilgangi að koma í veg fyrir frekara tjón á munum og fólki en gera hafi mátt ráð fyrir töluverðri umferð á svæðinu, bæði starfsmanna og ferðamanna. Þá mótmæla stefndu því, að ekki hafi verið búið að ganga frá neinum klæðningarplötum sem hafi fokið að morgni laugardagsins 14. mars. Verkefnið á tjónsdegi hafi einungis falist í að finna plötur, sem hefðu orðið eftir, og benda gröfumanni á þær.

Í fimmta lagi benda stefndu á að umrætt slys hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlits bæði af lögreglu og stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Fyrirtækið geti ekki borið ábyrgð á því þótt Vinnueftirlitið hafi ákveðið að koma ekki á staðinn. Mestu máli skipti þó að málsatvik séu að meginstefnu til óumdeild og því vandséð hvernig vettvangsrannsókn Vinnueftirlits hefði getað upplýst málið frekar en nú liggi fyrir. Engin efni séu því til þess að slaka á þeim sönnunarkröfum sem hvíli á

stefnanda.

Í sjötta lagi vísa stefndu til þess, að á slysdegi hafi stefnandi verið eigandi og fyrirvarsmaður SJ Málunar ehf. sem hafi tekið að sér ýmis verkefni fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Í ljósi þeirrar stöðu blasi við að stefnandi hafi verið algerlega sjálfráður um tilhögun þeirrar vinnu sem hann hafi unnið umrætt sinn í þágu þessa stefnda. Stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi keypt af SJ Málun ehf. tiltekna þjónustu en stefnandi hafi tekið ákvörðun um það, fyrir hönd SJ Málunar ehf., hvort sú þjónusta yrði innt af hendi. Þar sem stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, Orku náttúrunnar ohf., geti ákvæði 23. gr. a skaðabótalaga ekki komið til skoðunar í þessu máli.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu, gera þeir varakröfu um að þeir verði eingöngu taldir skaðabótaskyldir að hluta vegna eigin sakar stefnanda. Stefndu byggja varakröfu sína á því að stefnandi beri í öllu falli ábyrgð á stærstum hluta tjóns síns vegna eigin sakar umrætt sinn. Að öðru leyti vísa stefndu til framangreindra málsástæðna sinna fyrir aðalkröfu eftir því sem við eigi.

Stendu mótmæla útreikningi stefnanda á dómkröfu hans og mótmæla því jafnframt að skilyrði séu til að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga varðandi tekjuviðmið. Af skattframtölum stefnanda sjáist að greiðslur til hans úr fæðingarorlofssjóði á árinu 2012 hafi einungis numið 99.000 krónum. Fjárhæðin bendi til þess að á því ári hafi feðraorlof hans ekki varað lengur en í tvær vikur. Með hliðsjón af því sé vandséð hvers vegna ekki eigi að líta til tekna ársins 2012 við mat á árslaunaviðmiði. Fyrir liggi að greiðslur stefnanda úr fæðingarorlofssjóði séu hærri tekjuárin 2013 og 2014. Samt sem áður vilji stefnandi að árslaunaviðmið taki fremur mið af þeim árum en 2012. Þá liggi ekkert fyrir um það, hvaða mánuði stefnandi hafi verið í fæðingarorlofi né heldur hvort greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði (fyrir hvern mánuð) hafi verið lægri en meðaltalsmánaðarlaun stefnanda hjá SJ Málun ehf. Stefndu áréttu að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að notast skuli við undatekningarreglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga við mat á árslaunum. Verði reglan talin eiga við í málinu, beri stefnandi jafnframt sönnunarbyrði um það við hvaða árslaun skuli miðað.

Um lagarök vísa stefndu til almennra reglna skaðabótaréttar, einkum um sönnun tjóns, sönnunarbyrði og orsakatengsl. Stefndu vísa til laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglna nr. 581/1995, um húsnæði vinnustaða. Málskostnaðarkrafa stefnda er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Í upphafi aðalmeðferðar var gengið á vettvang og aðstæður á slysstað skoðaðar.

Ekki er um það deilt í málinu að stefnandi varð fyrir umræddu líkamstjóni þegar laus klæðningarplata f auk og lenti í andliti hans. Ágreiningur aðila máls þessa lýtur hins vegar að því, hvort stefndi, Orka náttúrunnar ohf., beri bótaábyrgð á því tjóni sem stefnandi varð fyrir umrætt sinn og hvort stefnandi eigi þar af leiðandi að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hjá stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en óumdeilt er að tryggingin var í gildi þegar slysið varð. Ef fallist verður á að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., beri bótaábyrgð á slysi stefnanda, krefjast stefndu þess að við útreikning skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku verði notast við árslaunaviðmið samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda eigi ákvæði 2. mgr. sama lagaákvæðis um sérstakt mat á árslaunum ekki við í tilviki stefnanda.

Málsatvik hafa þegar verið rakin. Stefnandi var kominn á í stöðvarhús Hellisheiðarvirkjunar snemma morguns mánudaginn 16. mars 2015, ásamt öðrum starfsmanni SJ Málunar ehf., Hafsteini Antoni Ingasyni, til að sinna verki fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Samkvæmt framlagðri verkbeiðni fólst verkið í að merkja flóttaleiðir milli véla innan dyra í stöðvarhúsinu. Fyrir liggur að Þorsteinn Grétar Kristmundsson, tæknistjóri stefnda Orku náttúrunnar ohf., hringdi í stefnanda um áttaleytið um morguninn og óskaði eftir því að stefnandi og Hafsteinn Anton færu strax í að aðstoða Ásgeir Einar Steinarsson vinnuvélastjóra við að finna lausar plötur utan dyra og fergja þær.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu en auk þess gáfu skýrslur vitnin, Hafsteinn Anton Ingason, fyrrum starfsmaður SJ Málunar ehf., Ásgeir Einar Steinarsson vinnuvélastjóri, og Þorsteinn Grétar Kristmundsson, tæknistjóri stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Rétt þykir að rekja framburð þeirra að nokkru leyti.

Stefnandi lýsti því að hann hefði ekki hugað sérstaklega að veðurfari þennan morgun, enda hefði hann átt að sinna vinnu innan dyra í stöðvarhúsi stefnda í Hellisheiðarvirkun þennan dag. Þorsteinn Grétar, sem hefði farið með boðvald yfir verktökum á svæðinu, hefði hins vegar hringt í hann eftir að þeir Hafsteinn Anton voru komnir inn á kaffistofu verktaka í stöðvarhúsi en áður en þeir höfðu hafð störf samkvæmt verkbeiðninni og óskað eftir því að þeir færu út og aðstoðuðu Ásgeir Einar við að fergja lausar plötur á stöðvarsvæðinu. Stefnandi hafi talið að ekki væri um annað að ræða en að verða við beiðni tæknistjórans. Stefnandi kvaðst hafa litið á þetta sem hvert annað verkefni sem félag hans, SJ Málun ehf., sinnti fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf., enda væru starfsmenn félags stefnanda oft beðnir um að sinna tilfallandi verkefnum. Nefndi stefnandi að hann hefði m.a. aðstoðað við smíðar og múrverk en kvaðst þó aldrei hafa sinnt því að fergja lausar

plötur á útisvæði.

Stefnandi kvað verkið hafa gengið ágætlega í fyrstu og þeir hafi byrjað að fergja lausar plötur næst kaffistofunni og þá ekki talið veðrið vera sérstaklega slæmt. Þeir hafi unnið sig fjær húsinu og út fyrir rörastæður á opið svæði. Verkið hafi verið framkvæmt þannig að þeir Hafsteinn Anton hafi fundið plötur og ýmist haldið við þær á meðan Ásgeir Einar hafi mokað fargi ofan á þær með gröfu eða dregið plöturnar þangað sem Ásgeir Einar hafi komist með gröfuna til að moka yfir þær. Þeir hafi hins vegar hvorki átt að draga plöturnar út af svæðinu, bera þær langt né stafla þeim upp. Þeir hafi lokið við að fergja þrjár til fimm plötur áður en slysið hafi orðið um klukkan hálfniú um morguninn. Þessi lýsing fær stoð í vætti Hafsteins Antons sem kvað þá hafa þurft að draga plöturnar þangað sem grafan kæmist að þeim.

Stefnandi taldi að hið langa samstarf hans og Þorsteins Grétars hefði haft áhrif á óformleg samskipti þeirra umrætt sinn en hann hefði litlar sem engar leiðbeiningar fengið áður en ráðist var í verkefnið. Þorsteinn Grétar hefði ekki varað hann við veðrinu og ekki hefði verið kannað áður en ráðist var í verkið, hvort eitthverjir staðir innan stöðvarsvæðisins væru hættulegri en aðrir. Þeir Hafsteinn Anton hafi „stokkið í verkið“ sem hafi þurft að framkvæma strax og án þess að fyrir lægi verkbeiðni, svo sem þó hefði verið venjan. Stefnandi taldi sig ekki átt kost á því að neita beiðni Þorsteins Grétars við þær aðstæður sem hafi verið uppi.

Stefnandi kvaðst hvorki hafa áttáð sig á því áður en slysið varð, hversu vont veðrið var á slysstað né að verkið væri hættulegt. Veður hafi enda verið skaplegt framan af. Það hafi þó vissulega verið nokkur vindur og strekkingur og full ástæða til að sýna varkárni við verkefnið, sem hann hafi og gert, en hætta vegna veðursins hafi þó ekki verið augljós. Stefnandi kvað aðspurður telja að vaktmenn, sem hefðu verið á svæðinu um helgina, hefðu verið í betri aðstöðu en hann sjálfur til þess að meta hættuna á svæðinu. Fram kom hjá stefnanda að hann myndi ekkert eftir slysinu sjálfu og myndi ekki vel eftir því sem hafi gerst eftir það.

Hafsteinn Anton Ingason, sem var starfsmaður SJ Málunar ehf. á slysdegi, kvað Þorstein Grétar tæknistjóra hafa falið þeim stefnanda verkefnið, sem þeir sinntu þegar slysið varð, og hefði tæknistjórinn „þannig séð“ verið yfirmaður þeirra. Þeir stefnandi hefðu því þurft að ganga í verkið og ekki átt val um annað en að sinna því. Þeir hefðu áður tekið að sér ýmis verkefni hjá Orku náttúrunnar ehf. og hafi verið vanir því að hlaupa í það sem þurfti að gera hverju sinni.

Vitnið kvaðst hafa verið tvístígandi gagnvart því að vinna verkið þegar stefnandi fékk hringingu frá Þorsteini Grétari. Hann kvað veðrið „ekki [hafa] verið æðislegt“ á slysdegi og þá hefði það verið slæmt dagana á undan. Þeir sem verkefninu sinntu hafi hins vegar ekki orðið varir við hversu slæmt veðrið var fyrr

en eftir að verkið var hafið. Vitnið kvaðst hafa velt því fyrir sér, hvort það væri skynsamlegt að fara í verkið á þessari stundu en það hefði þó ekki verið fyrir en hann kom út sem honum hefði ekki litist á blikuna. Vitnið kvað þá stefnanda og Ásgeir Einar hafa rætt um hættu af verkinu en þó talið í upphafi að þeir væru ekki í hættu vegna veðursins. Síðar hefðu þeir orðið varir við miklar vindhviður.

Vitnið kvað þá félagar engar leiðbeiningar hafa fengið um það, hvernig þeir ættu að vinna verkið, heldur hefði þeim einungis verið falið að aðstoða Ásgeir Einar gröfumann við að finna lausar plötur og koma þeim þangað sem hægt væri að moka yfir þær. Þeir hafi verið búnir að fergja fjórar eða fimm plötur þegar slysið varð og hefðu þurft að færa nokkrar þeirra til svo grafan kæmist að þeim til að fergja þær. Taldið vitnið að fergja hefði þurft 10-15 plötur á stöðvarsvæðinu.

Vitnið kvað þá stefnanda ekki hafa verið varaðir við hættu, þótt yfirmenn hefðu verið í betri aðstöðu til að meta hættuna sem og vaktmenn sem væru þarna allan sólarhringinn. Enginn hefði gripið inn í vinnu þeirra stefnanda umrætt sinn en vitnið kvaðst hafa gengið út frá því að yfirmenn á staðnum hefðu framkvæmt slíkt hættumat áður en þeir stefnandi voru sendir út.

Slysið hafi gerst eftir að þeir höfðu verið stutta stund úti að sinna verkefninu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð slysið, enda hefði hann snúið baki í stefnanda og fyrst orðið slyssins var þegar Ásgeir Einar gröfumaður kallaði til hans. Hann hafi þá hlaupið að stefnanda til að hlúa að honum.

Ásgeir Einar Steinarsson vinnuvélastjóri tók þátt í verkinu ásamt stefnanda og Hafsteini Antoni. Vitnið greindi frá því að hann hefði farið í Helligheildarvirkjun rétt fyrir hádegi á laugardeginum 14. mars 2015 að beiðni Þorsteins Grétars tæknistjóra til að fergja klæðningarplötur sem þá höfðu fokið af stálgrindarhúsum sem hýsa kæliturnar virkjunarinnar. Þá hefði fjöldi platna, sem höfðu fokið af einu húsanna, legið uppi við húsið, og hann hafi, við annan mann, unnið við að fergja lausar plötur.

Að morgni mánudagsins 16. sama mánaðar hafi Þorsteinn Grétar óskað eftir því við vitnið að hann færi í að fergja þær plötur sem hefðu losnað frá því á laugardeginum. Vitnið taldi að um hefði verið að ræða fleiri en 10 lausar plötur. Sumar hafi verið lausar um stöðvarsvæðið en aðrar skorðaðar undir eða á milli röra. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að þeir stefnandi og Hafsteinn Anton hefðu verið beðnir um að beita ákveðnu verklagi við vinnu sína en Þorsteinn Grétar hefði þó beðið vitnið um að vera ekki að vinna í plötum sem væru þegar í skjóli eða undir rörum eða öðru. Vitnið kvað Þorstein Grétar hins vegar ekki hafa varað sig við veðrinu en kvaðst ekki vita hvers konar fyrirmæli stefnandi hefði fengið um framkvæmd verksins.

Að sögn vitnisins var veður ekki sérlega vont umræddan morgun en þegar á leið hefði hann orðið var við vindhviður þegar þeir þremmenningar voru komnir handan röra rétt við slysstaðinn.

Vitnið kvaðst hafa sagt stefnanda að gæta þess að hreyfa ekki við plötum sem væru skorðaðar undir rörum eða lögnum. Vitnið hefði verið í sjónlínu við stefnanda þegar slysið varð og séð þegar stefnandi var að færa til klæðningarplötu. Vindhviða hafi feykt plötunni til og stefnandi fokið með henni. Stefnandi hafi haldið við plötuna en vitnið kvaðst ekki vita hvort hún hefði áður verið skorðuð með einhverjum hætti.

Vitnið kvaðst hafa unnið lengi í verktöku fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Yfirleitt væri farið vandlega í verkþætti og áhættugreiningu áður en einstök verkefni væru unnin. Ekki væri algengt að menn væru sendir með stuttum fyrirvara í verkefni, þótt það kæmi fyrir. Í framburði vitnisins kom einnig fram að honum hefði þótt óvarlegt að stefnandi og Hafsteinn Anton sinntu verkefninu fótgangandi og óvarðir fyrir veðri og vindum.

Vitnið, Þorsteinn Grétar Kristmundsson, tæknistjóri stefnda Orku náttúrunnar ohf., kvaðst hafa fengið tilkynningu aðfararnótt laugardagsins 14. mars 2015 um að klæðningarplötur hefðu fokið af stálgrindarhúsi sem hýsir einn af kæliturnum Hellisheiðarvirkjunar. Um nóttina hefði gert aftakaveður en eftir hádegi á laugardeginum, þegar veðri hafði skánað, hafi verið fengnir menn í að fergja þungar klæðningarplötur, sem losnað hefðu af kæliturnum á virkjanasvæðinu, með því að moka yfir þær mól til að koma í veg fyrir frekara tjón. Þegar menn hafi mætt til vinnu á mánudegi hafi verið ljóst að fleiri plötur hefðu losnað af kæliturnunum. Vitnið hafi talið nauðsynlegt að fergja lausar plötur til að tryggja ástandið á svæðinu, enda hefði verið spáð vondu veðri eftir hádegi þennan dag. Fjölmargar plötur hefðu legið á víð og dreif um virkjanasvæðið.

Vitnið kvaðst hafa upplýst forstöðumann virkjanareksturs og aðra tæknistjóra stefnda, Orku náttúrunnar ohf., um þessa ákvörðun sína á fundi fyrr um morguninn 16. mars 2015. Þá hefði verið mun lygnara en dagana á undan og því hafi hann ekki talið stafa hættu af verkefninu á þessum tímapunkti. Hann kvað enga sérstaka áhættugreiningu hafa farið fram vegna verksins, sem hann hefði falið þeim stefnanda, Hafsteini Antoni og Ásgeiri Einari umrætt sinn, og þá kvaðst hann ekki hafa lagt mat á það, hvort það stafaði mismunandi hætta af veðrinu eftir því hvar menn væru staddir á stöðvarsvæðinu. Vitnið kvað enga starfsmenn stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafa verið tiltæka í verkefnið á þessum tíma, og því hefði hann beðið starfsmenn SJ Málunar ehf. og Ásgeir Einar um að ganga í það. Engin verkbeiðni hafi verið gerð og þá hefði hann engar sérstakar leiðbeiningar gefið um verklag. Hann hafi beðið stefnanda um að benda gröfumanni á lausar plötur þannig

að hann gæti mokað yfir þær. Hann taldi að stefnandi hefði ekki þurft að draga plöturnar, enda hefðu starfsmenn SJ Málunar ehf. einungis átt að benda á liggjandi plötur þar sem Ásgeir Einar hefði ekki haft yfirsýn yfir ástandið. Þoka hafi legið yfir svæðinu og slæmt skyggni.

Vitnið kvað verkefnið hafa verið óvenjulegt og hann hafi beðið menn um að fara varlega og fara strax inn ef þeim litist illa á aðstæður. Þá lýsti hann því að verktökum bæri að gera sjálfstæða áhættugreiningu á verkstað en það hefði ekki verið gert í þetta sinn. Aðspurður kvað hann mörg verkefni hjá stefnda, Orku náttúrunnar ohf., unnin í verktöku og taldi að hlutfallið væri allt að 70-80%. Aðspurður um viðhald og eftirlit með kæliturnum virkjunarinnar, kvað hann burðarvirki þeirra yfirfarið á tveggja ára fresti en fjórða hvert ár færi fram ítarlegri úttekt á ástandi þeirra. Kæliturnarnir væru skilgreindir sem vélbúnaður en ekki fasteignir og því færi viðhald þeirra og eftirlit með þeim eftir stöðlum um vélbúnað.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því að klæðningarplöturnar hafi losnað af kæliturnunum vegna vanbúnaðar við uppsetningu eða frágang á turnunum. Stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi þannig vanrækt skyldur sínar sem eigandi og umráðamaður fasteignar sinnar og beri því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Stefndu hafa mótmælt þessari málsástæðu með þeim rökum að engar sönnur hafi verið færðar fyrir þessum fullyrðingum stefnanda, auk þess sem taka verði tillit til þess að óvenjulegt ofsaveður hafi geisað á svæðinu frá helgina 14.-15. mars 2015.

Rík skylda hvílir á fasteignareiganda til að tryggja að frágangur, viðhald og umhirða með fasteign sé með þeim hætti að þeir sem leið eigi um hana verði ekki fyrir tjóni. Hins vegar liggur ekkert fyrir í gögnum málsins sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu stefnanda að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi vanrækt skyldur sínar að þessu leyti. Svo sem áður er rakið kvað vitnið, Þorsteinn Grétar Kristmundsson tæknistjóri stefnda, burðarvirki kæliturnanna yfirfarið á tveggja ára fresti en ítarlegri úttekt á þeim væri gerð á fjögurra ára fresti. Þá sagði hann kæliturnana skilgreinda sem vélbúnað en ekki fasteignir og því færi viðhald turnanna og eftirlit með þeim eftir stöðlum um vélbúnað. Loks verður að líta til þess, sem liggur fyrir í gögnum málsins, að umrædda helgi hafði gert óvanalegt ofsaveður sem leiddi til umfangsmikils tjóns víða um sunnanvert landið. Í ljósi alls framangreinds og að virtum mótmælum stefndu er það mat dómsins að stefnanda hafi ekki tekist sönnun þess að tjón hans verði rakið til þess að stefndi, Orka náttúrunnar ohf., hafi vanrækt þær skyldur sem samkvæmt framansögðu eru að lögum lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna. Þessari málsástæðu stefnanda er því hafnað.

Það er mat dómsins að ekki hafi áhrif á úrlausnarefni máls þessa hver hafi verið aðdragandi eða ástæða þess að klæðningarplötur losnuðu af kæliturnum Hellisheiðarvirkjunar í aðdraganda slyssins. Hins vegar skiptir hér máli að óumdeilt er að snemma morguns 16. mars 2015 lágu þungar klæðningarplötur á víð og dreif um stöðvarsvæðið. Þar voru þær óvarðar fyrir veðri og vindum þegar stefnandi og Hafsteinn Anton voru sendir út fótgangandi til að hjálpa til við að fergja plöturnar. Svo sem fram kom í skýrslu stefnanda og vætti vitna fyrir dóminum var veður skaplegt á meðan unnið var milli stöðvarhússins og stórra röra sem liggja þar fyrir aftan. Hins vegar komu vindhviður sem urðu verri eftir að komið var út á autt svæði fyrir utan rörin. Slys stefnanda varð rétt eftir að þeir stefnandi og Hafsteinn Anton voru komnir út á auða svæðið. Fram kom hjá tæknistjóranum, Þorsteini Grétari, að hann hafi talið brýnt að stefnandi og aðrir, sem unnu að því að fergja lausar plötur, gengju umsvifalaust og hratt í verkið strax um morguninn til að koma í veg fyrir frekara tjón og til að varna því að þeir, sem ættu leið um svæðið, væru í hættu vegna foks á þungum plötunum. Jafnframt verður að leggja til grundvallar framburð stefnanda og vætti vitnisins, Hafsteins Antons, um að þeir hafi engar leiðbeiningar fengið um það, hvernig þeim bæri að haga vinnu sína, umfram það að aðstoða Ásgeir Einar gröfumann við að fergja plöturnar.

Óumdeilt er að stefnandi var sjálfstæður verktaki og sinnti verkefnum fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf., í nafni félags síns, SJ Málunar ehf. Þegar litið er til þess, sem ljóst er af gögnum málsins sem og skýrslum stefnanda og vitna fyrir dómi, liggur fyrir að Þorsteinn Grétar tæknistjóri stefnda, Orku náttúrunnar ohf., fór með boðvald yfir verktökum á vinnustað Hellisheiðarvirkjunar og sá þannig um verkstjórn. Fram kom í skýrslu Þorsteins Grétars að um 70-80% af verkum, sem unnin væru fyrir Orku náttúrunnar ohf., væru unnin í verktöku. Stefnandi sagði að um 90-95% af verkefnum fyrirtækis hans, SJ Málun ehf., væru unnin í verktöku fyrir þennan stefnda. Stefnandi var því að töluverðu leyti háður stefnda, Orku náttúrunnar ohf., við öflun tekna. Einnig verður hér að líta til eðlis þess sambands, sem var á milli stefnanda og Þorsteins Grétars, en fram er komið að sá síðarnefndi var verkstjóri og yfirmaður stefnanda á meðan hann var starfsmaður hjá stefnda, Orku náttúrunnar ohf., og fyrirrennara hans, allt frá árinu 2000 til 2011. Jafnframt liggur fyrir að algengt var að stefnandi tæki að sér að sinna ýmsum öðrum verkefnum en málningarvinnu samkvæmt boði Þorsteins Grétars. Verður að þessu leyti einnig að líta til þess að reglan um vinnuveitandaábyrgð hefur verið skýrð með rýmri hætti en svo að hún teljist eingöngu ná til starfsmanna í venjulegri merkingu þess orðs. Að þessu gættu verður ekki fallist á það með stefndu að hér ráði úrslitum sjónarmið þeirra um að stefnandi hafi verið algerlega sjálfráður um tilhögun þeirrar vinnu sem hann vann umrætt sinn fyrir stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Af

framangreindu verður enda ráðið að stöðu stefnanda gagnvart stefnda, Orku náttúrunnar ohf., svipaði um margt frekar til ráðningarsambands milli starfsmanns og vinnuveitanda. Þegar til alls framangreinds er litið er það því mat dómsins að við úrlausn málsins verði að taka mið af þeim reglum sem gilda um ábyrgð atvinnurekanda að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er á meðal almennra skyldna atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar á vinnustað og við framkvæmd vinnu, sbr. IV.-VI. kafla laganna. Samkvæmt 21. gr. laganna er verkstjóri fulltrúi atvinnurekanda og sér um að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustað sem hann hefur umsjón með. Þá segir í 37. gr. laganna að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Að þessu virtu og þegar litið er til þess sem komið er fram í málinu um að hvorki stefnanda né þeim Hafsteini Antoni og Ásgeiri Einari voru gefnar leiðbeiningar um hvernig vinna ætti umrætt verk, þeir voru ekki varaðir við veðuraðstæðum og að ekki fór fram neins konar áhættugreining áður en stefnandi var fenginn til að fara í verkið, þrátt fyrir að tæknistjórinn hefði farið um svæðið snemma um morguninn og þá orðið var við að fjöldi þungra platna lá óvarinn um svæðið, er það niðurstaða dómsins að af hálfu stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi ekki verið gætt að fyrirmælum laga um að atvinnurekanda beri að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis. Sérstakar skyldur eru lagðar á verkstjóra, sem fulltrúa atvinnurekanda, að þessu leyti, m.a. um að sjá um að þeim ráðstöfunum, sem gerðar séu til þess að auka öryggi, sé framfylgt. Eins er þar mælt fyrir um að verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geti til hættu á slysum, skuli hann tryggja að hættunni sé afstýrt, en sé það ekki hægt með því sem tiltækt sé á staðnum skuli hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart, sbr. ákvæði 21. og 23. gr. laga nr. 46/1980. Fyrir liggur að ekki voru gerðar sérstakar ráðstafanir af hálfu stefnda, Orku náttúrunnar ohf., til að tryggja öryggi stefnanda við hættulegar vinnuaðstæður.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að verkstjórn af hálfu stefnda, Orku náttúrunnar ohf., hafi verið áfátt umrætt sinn. Verður að líta svo á að það hafi falið í sér vanrækslu af hálfu þessa stefnda sem telst saknæm. Dómurinn telur jafnframt sannað að tjón stefnanda verði rakið til þess að stefnandi vann það verkefni, honum hafði verið falið, án nægra leiðbeininga og varúðarráðstafana af hálfu stefnda, Orku náttúrunnar ohf. Þessi stefndi var í mun betri aðstöðu til að staðreyna aðstæður umrætt sinn en svo sem fyrr er rakið hafði tæknistjóri stefnda kannað aðstæður á svæðinu fyrr um morguninn og mátti því vera hættan ljós. Mátti stefnandi því ætla að óhætt væri að fara í verkefnið, að gættri varkárni, svo sem

tæknistjórinn hafði falið honum, enda hafi engin fyrirsjáanleg hættu stafað af því í upphafi verksins, svo sem stefnandi og vitni hafa borið um. Í þessu ljósi þykir það engu breyta um niðurstöðuna þótt veður hafi verið óvenjulega slæmt þessa helgi og vindhraði mikill, enda bar stefnanda, Hafsteini Antoni og Ásgeiri Einari saman um að veðrið hefði ekki virst vera vont þegar þeir hófu verkið og vindhviður hafi ekki reynst verulega sterkar fyrr en þeir voru komnir á bersvæði handan röranna nærri slysstaðnum. Þegar af framangreindum ástæðum er fallist á það með stefnanda að hann eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefndu vegna þess tjóns sem óumdeilt er í málinu að hann varð fyrir umrætt sinn.

Í 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 segir að verði starfsmaður fyrir líkamstjóni í starfi sínu, skerðist ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar hans nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Ákvæði þetta er ekki bundið við tilvik þar sem skaðabótakröfu vegna slysa er beint gegn vinnuveitanda, eins og ákvæðið verður skýrt í ljósi lögskýringargagna, sbr. athugasemdir við 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á skaðabótalögum. Þar segir að ekki sé rétt að skýra orðið starfsmaður samkvæmt orðanna hljóðan heldur beri að leggja í það rýmri skilning, allt í samræmi við þróun reglunnar um vinnuveitanda. Að þessu virtu fellst dómurinn á það með stefnanda að 1. mgr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993 eigi við um stefnanda að því er varðar hugsanlega meðábyrgð hans á líkamstjóni sínu.

Fyrir dóminum kvaðst stefnandi aldrei áður hafa unnið við slíkt verk, sem honum var falið að vinna umrætt sinn, og þá liggur fyrir að honum var hvorki leiðbeint um verklag né var hann varaður við því að hætta gæti stafað af starfanum. Ekki verður talið að leitt hafi verið í ljós að stefnandi hafi með vinnulagi sínu umrætt sinn sýnt af sér óaðgæslu. Það er því mat dómsins að ekkert sé komið fram sem rennir stoðum undir það, að stefnandi hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Málsástæðu stefndu um eigin sök er því hafnað.

Af hálfu stefndu lýtur varakrafa þeirra um lækkun á skaðabótakröfu stefnanda jafnframt að því, að ekki séu efni til að víkja frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um árslaunaviðmið við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku, enda séu skilyrði 2. mgr. sama lagaákvæðis ekki uppfyllt. Stefnandi byggir kröfugerð sína hins vegar á því að samkvæmt síðarnefndu lagaákvæði eigi að meta árslaun hans sérstaklega þar sem óvenjulegar ástæður hafi verið fyrir hendi árin í aðdraganda slyssins.

Í 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga segir að þegar tjón vegna varanlegrar örorku sé metið, skuli líta til þeirra kosta sem tjónþoli eigi til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna er meginreglan sú, að við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku skuli

meðalatvinnutekjur tjónþola, að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, þrjú síðustu almanaksár fyrir slysdag lagðar til grundvallar árslaunaviðmiði. Hafi tjónþoli ekki haft fastar tekjur næstliðin þrjú ár fyrir slysdag, kann þetta viðmið fyrir framtíðartekjur hans að reynast óeðlilegt. Með ákvæði 2. mgr. 7. gr. laganna er komið til móts við þær aðstæður. Þar segir að skylt sé að meta árslaun sérstaklega ef aðstæður tjónþola eru óvenjulegar og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á lík legar framtíðartekjur hans en þær tekjur sem hann hafði síðustu þrjú ár fyrir slysdag. Tjónþoli ber sönnunarbyrði fyrir því að framangreind skilyrði séu til staðar.

Eins og áður er rakið slasaðist stefnandi 16. mars 2015. Fyrir liggur að stefnandi hafði starfað sem launamaður hjá félagi sínu, SJ Málun ehf., sem stofnað var í febrúar 2012, auk þess sem hann þáði greiðslur úr fæðingarorlofssjóði á árunum 2012-2014. Á meðal gagna málsins eru skattframtöl stefnanda vegna þeirra ára, ásamt sundurliðunarfærslum um tekjur hans vegna hvers mánaðar á því tímabili þar sem fram kemur hvaðan greiðslurnar bárust. Af gögnunum er ljóst að þá mánuði sem stefnandi greiddi sér full laun úr félagi sínu og þáði ekki fæðingarorlofsgreiðslur, fyrst á árinu 2012 og svo á árunum 2013-2014, voru meðaltalstekjur stefnanda síðari tvö árin umtalsvert hærri en meðaltalstekjur ársins 2012, þó að teknu tilliti til útborgaðs hagnaðar á því ári. Þannig voru meðaltalstekjur hans þá mánuði 2012, á árinu sem félag hans var nýstofnað, 301.100 krónur en 2013 námu þær 499.720 krónum og 2014 464.344 krónum. Að þessu virtu er það mat dómsins að tekjur árunna 2013 og 2014 séu líklegri mælikvarði á réttar framtíðartekjur stefnanda en tekjur ársins 2012, enda verður að líta svo á að aðstæður hafi verið óvenjulegar á því ári í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga með vísan til þess að stefnandi hafði þá nýverið stofnað félag sitt. Verður því að fallast á kröfu stefnanda um skaðabætur vegna varanlegrar örorku eins og hún er sett fram í stefnu. Af hálfu stefndu hafa ekki verið gerðar tölulegar athugasemdir við annan útreikning í endanlegri kröfugerð stefnanda og verður hann því lagður til grundvallar við úrlausn málsins.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða dómsins að fallast beri á allar kröfur stefnanda í máli þessu og verður stefndu því gert að greiða stefnanda skaðabætur í samræmi við enandlega kröfugerð stefnanda, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu stefnanda flutti málið Kristján B. Thorlacius hrl.

Af hálfu stefndu flutti málið Guðjón Ármannsson hrl.

Eftir niðurstöðu málsins verður stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn samtals 1.675.000 krónur að meðtöldum

virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Arnfríður Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Orka náttúrunnar ohf. og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Stefáni Jónssyni, óskipt skaðabætur að fjárhæð 13.395.572 krónur, með 4,5% ársvöxtum af 3.171.440 krónum frá 16. mars 2015 til 16. september 2015, af 13.395.572 krónum frá þeim degi til 10. nóvember 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 2.081.343 krónum sem greiddar voru 28. desember 2016.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 1.675.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arnfríður Einarsdóttir